



Sjúkratryggingar  
Íslands

Velferðarnefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2016

## Efni: Umsögn Sjúkratrygginga Íslands um drög að frumvarpi til lyfjalaga

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa fengið til umsagnar frumvarp til lyfjalaga.

### Greiðslubátttaka og fjárlagaliðir lyfja.

SÍ bera ábyrgð á fjárlagalið almennra lyfja (08206-115) og S-lyfja (08206-116). SÍ reikna út greiðslubátttöku sjúkratryggðs í lyfjum, annast greiðslur til apóteka vegna lyfjakostnaðar, taka ákvarðanir um og afgreiða lyfjaskírteini og fylgjast með þróun lyfjakostnaðar.

#### 7. gr.

Samkvæmt greininni hefur Lyfjastofnun heimild til að skipa starfshópa og kalla til sérfræðinga m.a. til að aðstoða við ákvörðun greiðslubátttöku í lyfjum. Þessi sérfræðihópur er ekki ákvörðunaraðili aðeins ráðgefandi.

#### 61. gr.

Ákvörðun um verðlagningu lyfja og greiðslubátttöku. Samkvæmt frumvarpinu er það Lyfjastofnun sem verður ábyrg fyrir ákvörðunum um greiðslubátttöku í ávísanaskyldum lyfjum.

#### 62. gr.

Lyfjastofnun skal skipa nefnd sem er álitsgjafi um m.a. greiðslubátttöku sjúkratrygginga í lyfjum fyrir menn á Íslandi. Í núverandi fyrirkomulagi þá er Lyfjagreiðslunefnd ákvörðunaraðili um verð og greiðslubátttöku lyfja. Þar situr fulltrúi SÍ og tryggir þannig aðkomu stofnunarinnar að ákvörðunum sem tengjast fjárlagaliðum lyfja og stofnunin ber ábyrgð á.

*Ljóst þarf að vera hvort Lyfjastofnun hafi einungis heimild eða skuli skipa nefnd sem álitsgjafa fyrir greiðslubátttöku en orðalag 7. og 62. gr. er ekki samhljóma. Afar mikilvægt er að tryggja aðkomu ábyrgðaaðila fjárlagaliðarins, ráðuneytis, SÍ og annarra að ákvörðunum um greiðslubátttöku.*

### Afslættir af lyfjaverði og greiðslubátttökuverð

Álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun Garðsapóteks (mál nr. 7940/2014) dagsett þann 22. desember 2015. Þar eru m.a. gerðar athugasemdir við hugtakið greiðslubátttökuverð, þ.e. það verð sem sjúkratryggingar skulu miða greiðslubátttöku sína við.



Sjúkratryggingar  
Íslands

2. mgr., 62. gr.

Lyfjastofnun á að ákveða, að lokinni umfjöllun og samkvæmt fyrirbyggjandi álitni nefndar, m.a. greiðslupátttökuverð, þ.e. það verð sem sjúkratryggingar skulu miða greiðslupátttöku sína við að teknu tilliti til afsláttar sem lyfsöluleyfishafi veitir við afgreiðslu lyfjaávisunar. Lyfsöluleyfishafar geta gefið afslætti „á kassa“ beint til viðskiptavinar samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Lyfsöluleyfishafar sem ákveða að gefa afslátt frá greiðslupátttökuverði geta þannig myndað nýtt greiðslupátttökuverð sem ekki hefur verið ákveðið af Lyfjastofnun.

*Að mati Sí kemur ekki nógu skýrt fram í ákvæðinu hvernig skuli miða greiðslupátttöku sjúkratrygginga við greiðslupátttökuverð þar sem afsláttur hefur verið gefinn. Í skýringum með 62. gr. kemur fram að tilgangur þessara málsgreinar sé að styrkja lagastoð sjúkratryggingastofnunar til að taka tillit til veittra afslátta frá lyfjaverði.*

Lyfjagagnagrunnur

Samkvæmt 29. gr. a. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, bera Sí ábyrgð á og starfrækja gagnagrunn með þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að reikna út greiðslupátttöku sjúkratrygginga og gjald sjúkratryggðs einstaklings við kaup á lyfjum. Nefnist sá grunnur miðlægur lyfjagreiðslugrunnur og er lyfsöluleyfishöfum skylt að tengjast þeim grunni samkvæmt 37. gr. frumvarpsins. Jafnframt hefur stofnunin eftirlitshlutverk til að sannreyna lyfjasögu sjúklinga tengt kostnaðareftirliti og kanna ávísanavenjur lækna vegna eftirlits með lyfjakostnaði.

70. gr.

*Tryggt þarf að vera að Sí hafi óhindraðan aðgang að lyfjagagnagrunnum til að sinna hlutverki sínu við kostnaðareftirlit og eftirlit með ávísanavenjum lækna.*

Tölfærðivinnsla

Sí hafa hlutverk sem ráðgefandi aðili við ákvörðun um leyfisskyldu lyfja (samanber 62. gr. frumvarpsins). Sí bera ábyrgð á áætlanagerð vegna útgjalda ávísanaskyldra lyfja og sem innkaupaaðili á lyfjum tengdum útboðum. Útboð á lyfjum eru í dag framkvæmd af Landspítala í umboði Sí. Í því skini er beinn aðgangur að tölfærðiuþplýsingum nauðsynlegur.

71. gr.

*Tryggt þarf að vera að Sí hafi óhindraðan aðgang að lyfjagagnagrunnum til að sinna hlutverki sínu við áætlanagerð og útboð.*

Virðingarfyllst,  
F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Katrín Eyðís Hjörleifsdóttir  
Sviðsstjóri viðskiptasviðs